

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 720/2011

2012/EES/24/01

frá 22. júlí 2011

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi að því er varðar að koma á skimun vökva, úðaefna og gels í áföngum á flugvöllum í Evrópusambandinu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 að samþykkja almennar ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafa, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá reglugerð, með viðbótum við ákvæðin.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2008 frá 2. apríl 2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 er mælt fyrir um almennar ráðstafanir til að bæta við almennar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi <sup>(2)</sup>. Einkum er sú krafa gerð í reglugerð (EB) nr. 272/2009 að aðferðir, þ.m.t. tækni til að greina sprengiefni í fljótandi formi, verði nýttar á flugvöllum innan Evrópusambandsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 29. apríl 2013.
- 3) Til að mögulegt sé að innleiða í áföngum skimunarkerfi sem greinir sprengiefni í fljótandi formi eru settar fram tvær dagsetningar í viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 297/2010 <sup>(3)</sup>: 29. apríl 2011, að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels, sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Bandalagsins og 29. apríl 2013, að því er varðar skimun allra vökva, úðaefna og gels.
- 4) Eins og fram kemur í 12. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 297/2010 kann þróun á sviði tækni og reglusetningar, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi, að

hafa áhrif á dagsetningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 272/2009 og ef við á, getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um endurskoðun, einkum að því er varðar virkni búnaðar og tillitssemi við farþega.

- 5) Breytingar á sviði reglusetningar áttu sér stað skömmu fyrir 29. apríl 2011 á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi. Af þessum sökum munu aðeins vera fáir flugvellir sem geta í raun boðið upp á skimunaraðstöðu og það getur verið óljóst fyrir farþega hvort heimilt sé að hafa vökva, úðaefni eða gel sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Bandalagsins meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar.
- 6) Af framangreindri ástæðu, skal fella brott ákvæðið sem vísar til skyldu, frá 29. apríl 2011, til að skima vökva, úðaefni og gel sem keypt eru á flugvelli í þriðja landi eða um borð í loftfari flugrekanda utan Bandalagsins.
- 7) Með hliðsjón af 2. lið í hluta B1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009, mun framkvæmdastjórnin vinna náið með hlutaðeigandi aðilum og meta stöðuna að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels eigi síðar en júlí 2012.
- 8) Í þeim tilgangi að tryggja rétta framkvæmd á kröfum, sem mælt er fyrir um í 3. lið í hluta B1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009, ættu aðildarríki og flugstöðvar að gera allar undirbúningsráðstafanir, þ.m.t. prófanir á framkvæmd nokkru áður en fresturinn rennur út árið 2013. Miðla skal upplýsingum um reynsluna sem fengist hefur af prófunum til þess að meta stöðuna að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels eigi síðar en júlí 2012.
- 9) Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 til samræmis við það.
- 10) Til þess að tryggja aðildarríkjum, flugvöllum og farþegum réttarvissu eins fljótt og unnt er, ætti að samþykkja þessa reglugerð með flýtimeðferðinni sem um getur í 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og ætti hún að gilda frá og með 29. apríl 2011.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 148/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 37.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 1.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í hluta B1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 komi eftirfarandi í stað kaflans „Vökvar, úðæfni og gel“:

## „HLUTI B1.

**Vökvar, úðæfni og gel**

1. Heimilt er að hafa vökva, úðæfni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar, að því tilskildu að efnin hafi verið skimuð eða séu undanþegin skimun í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglunum sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
2. Eigi síðar en 29. apríl 2013 skulu vökvar, úðæfni og gel skimuð á öllum flugvöllum í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglunum sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að öllum kröfum samkvæmt reglum sé framfylgt svo hægt sé að nýta vökvaskimunarbúnað sem uppfyllir kröfur í framkvæmdarreglum sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 innan þess frests sem vísað er til í 2. lið.
4. Aðildarríkjum er heimilt, hvenær sem er fyrir 29. apríl 2013, að innleiða kröfur samkvæmt reglum um að skima skuli vökva, úðæfni og gel á tilteknum flugvelli eða á öllum flugvöllum í samræmi við kröfur í framkvæmdarreglum sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar kröfur samkvæmt reglum. Við móttöku slíkrar tilkynningar skal framkvæmdastjórnin upplýsa öll hin aðildarríkin.
5. Farþegar skulu upplýstir með skýrum hætti á hvaða flugvöllum í Evrópusambandinu þeim er heimilt að hafa vökva, úðæfni og gel meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar og hvaða skilyrði fylgja því.“